

## VIÐMIÐ VEGNA SAMSTARFSSAMNINGA UM VIÐBURÐAHALD Á VESTURLANDI

- Aðeins eru gerðir samstarfssamningar um viðburði sem fara fram á Vesturlandi 2021.
- Hægt er að gera samstarfssamning vegna kynningar og markaðssetningar á viðkomandi viðburði og auk þess er möguleiki að óska eftir samstarfi með fjárframlagi til viðburðarins.
- Viðburðahaldari fyllir út umsóknablað með stuttri skriflegri lýsingu á viðkomandi viðburði og sendir til SSV/MSV og óskar eftir samstarfssamningi um viðburðahaldið.
- Stýrihópur SSV/MSV fer yfir umsóknina innan 10 virkra daga frá móttöku hennar, metur möguleika viðburðarins til samstarfs og gerir tillögu um samstarfssamningi þegar það á við.
- Ef möguleiki er á samstarfi er gerð tillaga að samstarfssamningi varðandi umræddann viðburð, hann sendur til viðkomandi aðila sem býðst þá að ganga að þeim samningi.
- Samstarfssamningur felur alltaf í sér skráningu í Viðburðadagatal Vesturlands og kynningu á viðkomandi viðburði á miðlum MSV.
- Ef óskað er eftir fjárframlagi í samstarfssamningi, er tekið tillit til umfangs og dagskrár viðburðar varðandi tillögu að þeirri fjárupphæð sem boðin er í samstarfið.
- Ef um fjárframlag í samstarfssamningi er að ræða, er fjármagnið alltaf ætlað til að greiða kostnað við kynningu og framkvæmd viðburðar.
- Gerðir eru skriflegir samstarfssamningar milli viðburðahaldara og SSV/MSV varðandi viðkomandi viðburð og samstarf varðandi hann.
- Viðburðahaldari ber ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og uppgjöri viðburðarins.
- MSV kynnir viðkomandi viðburð í Viðburðadagatali Vesturlands og á samfélagsmiðlum sínum, með þeim upplýsingum sem viðburðahaldari hefur komið til MSV til kynningar.
- Viðburðarhaldari sendir SSV/MSV staðfestingu á að viðburður hafi farið fram, ásamt stuttri lýsingu á hvernig tókst til og minnst tveimur myndum frá viðburðinum (sem má nota í starfi MSV).
- Uppgjör á fjárframlagi SSV/MSV er gert innan 10 virkra daga eftir að viðburður hefur farið fram og þegar staðfesting, myndir og upplýsingar frá viðburði hafa borist SSV/MSV.
- Samstarfsaðilar MSV hafa forgang varðandi samstarfssamninga um viðburðahald.
- Viðburðir með vestlenskum listamönnum hafa forgang varðandi samstarf um viðburðahald.
- Reynt verður að styðja við fjölbreytta flóru viðburða sem höfða til mismunandi markhópa.
- Aðeins eru gerðir samstarfssamningar um einsskiptis viðburði (pop up) sem fara fram á Vesturlandi 15. apríl – 15. nóvember 2021 eða þar til verkefnasjóðurinn er uppurinn ef það gerist fyrr.
- Möguleiki getur verið á að gera samning við sama aðila um marga eða röð einsskiptis viðburða.
- Fjárhæð sem SSV/MSV getur lagt í hvern samstarfssamning getur verið á bilinu 25. – 100. þús. Hámarksupphæð er 100. þús. fyrir hvern einstaka viðburð.
- Aldrei eru gerðir samstarfssamningar við sama aðila um meira en 500. þús. kr. fjárframlag til viðburðahalds á hverju ári (stærri verkefnum er vísað á að sækja um í Menningarsjóð/ Uppbyggingarsjóð Vesturlands).

**Fjöldi samstarfssamninga og fjárframlag til verkefna miðast við þá fjármuni sem verkefnið hefur úr að spila og hvert framboðið og eftirspurnin er á hverjum tíma.**